



DET KONGELIGE  
ARBEIDS- OG SOSIALDEPARTEMENT

Statsråden

Norðurlandaráð,  
b.t. Lars Mejern Larsson

Tilvísun yðar

Tilvísun vor

Dags.

21/1122-

12. júlí 2021

## Svar - Skrifleg fyrirspurn til norsku ríkisstjórnarinnar um aðstæður sænskra launþega sem ferðast vikulega yfir landamæri til vinnu

Samstarfið á Norðurlöndum er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Sameiginlegur norrænn vinnumarkaður á sér djúpar rætur og ríka hefð og hefur hið víðtæka norræna samstarf komið löndum okkar til góða um áratuga skeið. Kórónuveirufaraldurinn og þörfin á mótvægisáðgerðum í löndunum hafa skapað ýmsan vanda og orðið til að torvelda frjálst flæði og för milli landa okkar um stundarsakir. En það hefur ekki orðið til að veikja norrænt samstarf. Stjórnvöld landanna hafa unnið náið saman allt undanfarið ár, bæði forsætisráðherrarnir og ýmsir fagráðherrar beggja vegna landamæranna, meðal annars til að ræða afleiðingar áðgerða gegn kórónuveirunni.

Þegar kórónuveirufaraldurinn breiddist út vorið 2020 var gripið til ýmissa tímabundinna ráðstafana til að koma í veg fyrir dreifingu smits í samfélaginu eða frá svæðum með háan smitstuðul til svæða með lægri smitstuðul. Þetta fól meðal annars í sér að fólki var ráðið frá að ferðast milli landa án brýnnar ástæðu. Tækifæri útlendinga til að ferðast til Noregs voru skert frekar 29. janúar 2021 vegna vaxandi fjölda smita og stökkbreyttra veirutegunda. Það var óhjákvæmilegt til að takast mætti að draga úr hættu á innflutningi smita til Noregs. Skerðingarnar ollu jafnframt mörgum launþegum sem starfa í Noregi en búa í öðru landi talsverðum erfiðleikum. Meginreglan var að lokunin kom í veg fyrir að aðrir en norskir ríkisborgarar og útlendingar búsettir í Noregi gætu komið til Noregs. Aftur á móti voru gerðar ýmsar undanþágur á hinu almenna komubanni, svo sem af fjölskylduástæðum eða vegna velferðarsjónarmiða og í þágu tiltekinna hópa vinnuferðalanga, en það var nauðsynlegt til að hjól norsks samfélags héldu áfram að snúast. Þetta átti meðal annars við um útlendinga sem taldir voru ómissandi til að halda ábyrgum rekstri mikilvægra samfélagsstofnana í horfinu. Einnig voru gerðar undanþágur fyrir heilbrigðisstarfsfólk frá Svíþjóð og Finnlandi sem starfar í norsku heilbrigðis- og umönnunarþjónustunni.

Með tilliti til launafólks og launagreiðenda á sameiginlegum búsetu- og atvinnusvæðum meðfram landamærunum var mánudaginn 1. mars 2021 launþegum frá Svíþjóð og Finnlandi aftur gert kleift að sækja vinnu í Noregi dag hvern en gegn ströngum kröfum um framvísun COVID-19 prófs og eftirlit. Enn er fjöldi manns meinað að koma til landsins og hafa þess vegna beðið tekjutap, þar á meðal vinnuferðalangar sem alla jafna kæmu vikulega frá Svíþjóð og njóta ekki sömu undanþágu og þeir sem ferðast daglega yfir landamærin til vinnu. Ólíkt daglegum vinnuferðalöngum á landamærasvæðunum geta vikulegir vinnuferðalangar komið frá miklu stærra svæði og fleiri löndum. Landamæralokanirnar hafa haft veruleg áhrif á þá síðarnefndu. Norskir vinnuveitendur hafa í einhverjum mæli sent þá í launalaust leyfi svo að þeir fái dagpeninga frá norska ríkinu. Á hinn bóginn geta mörg fyrirtæki, sem eygja von um fullan rekstur, ekki reitt sig á slíkt launalaust orlof með rétti til dagpeninga því að það fæst ekki vegna ástæðulausra frátafa og landamæralokun þykir ekki vera næg afsökunarástæða. Ríkisstjórnin hefur því sett nýjar reglur um hlutabætur til erlends launafólks sem á undir norska velferðarkerfið samkvæmt EES-samningnum eða tvíhliða samningum um almannatryggingar en getur ekki stundað vinnu sína í Noregi vegna komubannsins. Bæturnar nema 70 prósentum upp að 6G, hér um bil sama og launþegarnir hefðu fengið í orlofi. Að öðru leyti fylgir þessi bráðabirgðaráðstöfun reglunum um sjúkradagpeninga að því leyti sem við á.

Innlendar smitvarnir hafa komið hart niður bæði á borgurum og atvinnulífi. Þetta á við um öll lönd. Í Noregi hafa komur til landsins stundum sætt ströngum takmörkunum sem hefur valdið atvinnulífinu miklum erfiðleikum við að laða til sín starfsfólk í þeim tilgangi að fá hjólin til að snúast á tímum kórónuveirunnar. Hér eftir verður opnað meira fyrir ferðalög yfir landamærin því að fólk frá grænum löndum og það sem er fullbólusett eða hefur fengið COVID-19 á síðustu sex mánuðum þarf ekki að fara í sóttkví við komuna. Þegar verður auðveldara að ferðast fær ýmis starfsemi aðgang að vinnuafli sem hún þarfnast svo mjög, þar á meðal sænsku vinnuafli sem er mjög eftirsótt í Noregi. Jafnframt getur margt launafólk snúið til baka til starfs síns í Noregi. Enn er erfitt að spá fyrir um hvað verður en við vonumst til að opnunaraðgerðir í áföngum færi okkur nær venjubundnu lífi.

Þrátt fyrir mismunandi ákvarðanir landanna hefur norrænt samstarf gengið vel og við aðstoðað hvert annað á erfiðum tímum. Það sýnir að norrænt samfélag er engu líkt. Jafnframt getum við lært af reynslunni af farsóttinni og rætt saman um hvernig unnt verði að efla samstarfið þegar krepur að.

Með kveðju,



Torbjørn Røe Isaksen